



VAL 2024-2025

VALGREINABÆKLINGUR

**Val á unglíngastigi fyrir
skólaárið 2024 - 2025**





GLEÐI

Efnisyfirlit

SÍÐA 3

UM VALIÐ

Valið er tvískipt. Í A hluta velja nemendur heilsársval en í B hluta velja þeir styttri völ.

SÍÐA 4

VAL A

Fyrri umferð vals, þar sem nemendur velja heilsársval. 4 valeininga völ.

SÍÐA 10

VAL B

Seinni umferð vals, þar sem nemendur velja styttri völ. 1 valeininga völ.

UM VALIÐ

Valið er tvískipt. Í A hluta verða valin heilsársvöl í Akurskóla og utan skóla og í B hluta velja nemendur styttri völ til að fylla upp í stundatöfluna og klára 12 valeiningar.

Hver lota stendur yfir í 8 - 9 vikur í senn (lota = 1 valeining). Valgreinarnar Heilsurækt og Skólahreysti, Leiklist og Nemendafélagið eru heilsársgreinar (4 valeiningar). Nemendur þurfa að vera með samtals 12 valeiningar.

Kynnið ykkur vel lýsingar í hverri valgrein. Ekki er hægt að skipta um valgrein þegar raðað hefur verið í hópa.

ALLIR NEMENDUR ÞURFA AÐ VELJA AÐ MINNSTA KOSTI EINA LIST- OG VERKGREIN (þær eru merktar með *).



VELGENGNI

VAL A

Val A er fyrri umferð valsins fyrir næsta skólaár. Allir nemendur í 7. – 9. bekk sem verða í Akurskóla á næsta skólaári taka þátt. Í þessari fyrri umferð velja nemendur aðeins heilsársvöl.

Með því að skipta valinu, vita nemendur hvar þeir standa áður en þeir klára valið í vali B, annarri umferð.

Heilsársval er 4 valeiningar. Samtals þurfa nemendur 12 valeiningar til þess að fylla valið. Í fyrri umferð verður aðeins hægt að velja á milli heilsársvala. Því þurfa nemendur ekki að klára allar 12 valeiningarnar, en það er vissulega gott að velja eitthvað. Utanskólavöl eru öll heilsársvöl og því 4 valeiningar. **Það er mikilvægt að nemendur hafi rætt það við sinn umsjónarkennara hyggi þeir á nám við framhaldsskóla!**

Fyrri umferð valsins verður opin til 4. apríl. Við hvetjum foreldra og nemendur til að ræða saman um valið áður en tekin er ákvörðun.

Leiklist* (4 valeiningar)

Hefur þú áhuga á leiklist, söng eða dansi? Viltu taka skref út fyrir þægindarammann og öðlast sjálfstraust? Komdu þá í leiklistarvalið sem hefur síðastliðin ár sett upp skemmtilegar og metnaðarfullar leiksýningar. Farið verður í spunaleiki, hópeflisleiki og leiklistaræfingar ásamt fleira skemmtilegu.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Heilsársval í Akurskóla

Nemendafélag (4 valeiningar)

Nemendur taka þátt í og skipuleggja allt það sem fylgir rekstur nemendafélags.

Uppákomur, opin hús, diskótek, sjoppa o.s.frv..

Námsmat: Ástundun og virkni.



Skólahreysti og heilsurækt (4 valeiningar)

Þjálfun og undirbúningur fyrir skólahreystikeppnina. Farið er í keppnigreinar skólahreystis og þær æfðar. Einnig er farið í almenna líkamsrækt þar sem unnið er með hraða, þol, styrk og kraft.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Valgreinar utan skóla

Valgreinar utan skóla eru kostaðar af foreldrum/forráðamönnum. Nemendur koma sér á eigin vegum til og frá staðsetningu valgreinar.



Aðstoðarþjálfun (Heilsársval, 4 valeiningar)

Í samstarfi við íþróttafélag sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag eða fyrirmyndardeild. Þeir sem eru aðstoða með þjálfun á yngri flokkum geta í samráði við skóla og íþróttafélag fengið það metið sem val.

Björgunarsveitin Klettur (Heilsársval, 4 valeiningar)

Valgreinin er eingöngu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Markmið: að nemendur kynnist starfi björgunarsveita, efla skilning sinn á mikilvægi björgunarmála og taki þátt í viðurkenndu félagsstarfi til að efla félagsþroska sinn. Í lok skólaárs fá nemendur umsögn á vitnisburðarblaði um að þeir hafi mætt á fundi og tekið þátt í starfinu.



Fjarnám í framhaldsskóla, öðrum en FS (4 valeiningar)

Nemendur sem eru skráðir í fjarnám í framhaldsskóla öðrum en FS, kostað af foreldri.

Valgreinar utan skóla

Fjörheimar (4 valeiningar)

Klúbba og ráða val í Fjörheimum (88 húsinu) milli kl. 19.30 og 21.30 á kvöldin. Nemendur sem mæta í klúbb eða eru í ráði og mæta vikulega fá það metið sem heilsársval. Valið þarf að vera í samráði við starfsfólk Fjörheima.



Tónlistarnám* (4 valeiningar)

Í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur sem stunda nám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar geta fengið nám sitt metið sem valgrein.

Íþróttir/þjálfun

(Heilsársval, 4 valeiningar)

Í samstarfi við íþróttafélag sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag eða fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins.



Valgreinar utan skóla

Fjölbrautaskóli Suðurnesja (Heilsársval, 4 valeiningar)

Eingöngu fyrir nemendur í 9. - 10. bekk, í samráði við kennara og aðstoðarskólastjóra Akurskóla. Nemendur þurfa að hafa sýnt afburðar frammistöðu í námi og vinnusemi. Námið við Fjölbrautarskóla Suðurnesja sem nemendur geta fengið metið sem valgrein.

Samkvæmt upplýsingum frá FS er kostnaður við heilsársáfangana 6000 kr. Afburðanemendur geta stundað nám í ensku, stærðfræði, spænsku og íslensku í dagskóla frá FS. Þessir áfangar eru þá í stökkum A, F, G eða H (skv. stökkatöflu FS).

Fjarnám á framhaldsskólastigi

Nemandi í fjarnámi á framhaldsskólastigi getur fengið nám sitt metið sem valgrein en þó mest sem 4 valeiningar á skólaári.

Enska, stærðfræði, spænska og þýska er einungis fyrir nemendur í 10. bekk. Mæting í grunnskóla þarf að vera mjög góð til að fá að taka þátt í vali í FS. Val í FS á að vera umbun fyrir þá nemendur sem eru að standa sig vel, fá að koma fyrr inn í framhaldsskólann.



Valgreinar utan skóla

Fjölbrautaskóli Suðurnesja (Heilsársval, 4 valeiningar) frh.

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Nemendur sem eru í áföngum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim reglum sem gilda um mætingu þar.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti til Guðlaugu Páls tengiliðar gp@fss.is eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku. Sérstaklega er þetta erfitt í verklegum greinum þar sem nemendur hafa ekki möguleika á því að vinna verkefni heima.
- Reglur um mætingu má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir Skólinn – Almennar upplýsingar – Skólareglur.

Heilsársáfangar: Kennslutími: kl.15.00 – 16.20

Enska	Priðjudaga
Stærðfræði	Miðvikudaga
Rafmagn*	Priðjudaga stúlkur/stálp – Miðvikudaga drengi/stálp
Húsasmíði*	Priðjudaga drengi/stálp – Miðvikudaga stúlkur/stálp
Textíl og hár*	Priðjudaga stúlkur/stálp – Miðvikudaga drengi/stálp
Málsníði/suða*	Miðvikudaga
Spænska	Priðjudaga
Forritun	Priðjudaga
Þýska	Miðvikudaga

VAL B

Val B er seinni umferð valsins fyrir næsta skólaár. Allir nemendur í 7. – 9. bekk sem verða í Akurskóla á næsta skólaári og eru ekki komnir með 12 valeiningar úr valumferð A taka þátt. Í þessari seinni umferð velja nemendur aðeins styttri vöL.

Valið virkar þannig að fyrstur kemur, fyrstur fær. Þar sem völin geta fyllst og eru þá ekki í boði lengur. Það er mikilvægt að allir skrái tvö varavöl ef þau velja eitthvað sem ekki nægilega margir velja til að við getum boðið upp á það.

Í þessari seinni umferð velja nemendur vöL sem vara í eina vallotu (þær eru fjórar á hverju skólaári).

Nemendur hafa fengið að vita hvað þeir eru með margar valeiningar. Einnig geta þeir nálgast niðurstöður á Teams. Þar má sjá þau valfög sem nemendur eru skráðir í eftir fyrri umferð valsins og fjölda valeininga sem þeir eru þá komnir með.

Nemendur þurfa að fylla 6 kennslustundir á viku með vali. Skólaárinu er skipt niður í 4 lotur og vöL standa yfir í 1,2 eða 4 lotur(heilsársvöL). Við tölum um valeiningar, en eitt val í einni lotu gefur eina valeiningu. Þannig er heilsársval t.d. 4 valeiningar. Samtals þurfa nemendur 12 valeiningar til þess að fylla valið. Þeir sem ætla sér að vera með meira en 12 valeiningar, þurfa að hafa samráð við aðstoðarskólalastjóra (Þormóð Loga).

Mikilvægt er að huga að því að velja ekki nein minni vöL á sama tíma og innan skóla heilsársvöL (Skólahreysti í A, Nemendaráð í B og leiklist og listaval í C) sem nemandinn er skráður í.

Seinni umferð valsins er opin til 21. apríl. Við hvetjum foreldra og nemendur til að ræða saman um valið áður en tekin er ákvörðun.

Til að velja er farið inn á vef skólans, þar undir hagnýtt, valgreinar finnið þið hlekk á valgreinabækling og á valið sjálft (frá og með kl. 8.00 fimmtudaginn 11. apríl).

Stutt völ í Akurskóla

Abstrakt list / Listmálun*

(1 valeining)

Efla áhuga nemenda á Abstrakt list og leyfa nemendum að njóta sín í frjálstri sköpun. Lögð er áhersla á framsetningu lita og forma. Nemendur vinna skissur og hugmyndavinnu á pappír. Lokaútfærslan er málverk sem málað er á striga. Námsmat: Ástundun, verklag og virkni.



Aðstoð í kennslu

(1 valeining)

Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi Akurskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur fá kennslu og fræðslu um lestrarþjálfun og kennslu/aðstoð. Námsmat: Ástundun, virkni og dagbók.

Akurskjól / Frístund

(1 valeining)

Kynnast starfinu í Akurskjóli, vera með börnum í kaffitíma ásamt því að taka þátt í frjálsum og skipulögðum leik með börnunum. Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla

Badminton (1 valeining)

Efla áhuga nemenda á badminton. Farið í undirstöðuatriði og spilað badminton.
Námsmat: Ástundun og virkni.



Bakstur* (1 valeining)

Nemendur fá að baka ýmsar tegundir af kökum og brauði. Þeir fá að spreyta sig á deigi eins og þeyttu-, hrærðu-, hnoðuðu- og gerdeigi. Brauð bakstur verður einnig þjálfður.
Námsmat: Ástundun og virkni.

Blak (1 valeining)

Farið verður í undirstöðuatriði blaks og alls konar leiki og æfingar sem tengjast blaki.
Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla

Bókaklúbbur (1 valeining)

Kennari velur rithöfund og valin bók eftir hann. Bókinni skipt í hluta sem eru lesnir heima og ræddir í tímum.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Doodle* (1 valeining)

Í þessu vali skoðum við helstu doodle og dútlum okkur saman í að hlusta á kósý tónlist, krotum og spjöllum um daginn og veginn. Frábært fyrir alla sem finnst gaman að krota en kunna ekki að teikna. Í doodle munt þú sjá að það býr listamaður í okkur öllum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Erlendar kvikmyndir* (1 valeining)

Horft verður á erlendar myndir og eftir hverja mynd verða samræður um myndina. Kvikmynd er valin af öllum hópnum saman.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla



Fantasy football
(1 valeining)

Fylgst með enska boltanum, leikir vikunnar ræddir og valið í lið fyrir næstu umferð.
Námsmat: Ástundun og virkni.

Fjármál / fjármálalæsi - Viltu finna milljón?
(1 valeining)

Lært um fjármál með því að taka fyrir þykjustu samfélag. Farið yfir helstu hugtök fjármála, sparnaðar ráð og hvers vegna sé mikilvægt að spara. Farið yfir kostnað og hversu langan tíma það tekur að vinna sér inn fyrir einhverju.
Námsmat: Ástundun og virkni.



Fluguhnýtingar*
(1 valeining)

Hnýta saman laxa-, silunga- og bleikjuflugur.
Gera okkur klár fyrir sumarið við bakkann.
Námsmat: Ástundun og virkni.

Stutt völ í Akurskóla

Förðun og húðvörur*

(1 valeining)

Farið yfir hvernig eigi að hugsa um húðina og skoða hvaða vörur eru góðar fyrir unglinga. Skoða innihald og hvað á að varast. Læra náttúrulega förðun ásamt skyggingu og smokey augnförðun. Skoða tímabil förðunar og sjá hvað hefur breyst.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Gettu enn betur

(2 valeiningar)

Undirbúningur, æfingar og val á þeim keppendum sem taka þátt í Gettu enn betur. Valið verður í lotu 2 og 3.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Handbolti

(1 valeining)

Farið yfir grunnatriði og reglur í handbolta. Æfingar og tækni skoðaðar og spilað handbolta. Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla



Hannaðu þitt eigið spil*

(1-2 valeiningar)

Í þessu vali hannar þú þitt eigið spil frá grunni.

Í boði verður að búa til þína eigin fígúrur,

spilaborð og allt því tilheyrandi. Valið verður í

boði bæði í eina og tvær lotur.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Hugarró

(1 valeining)

Nemendur fá tíma til að komast í algjöra slökun

án allra snjalltækja. Farið verður í hugleiðslu

sem og Yoga-Nidra sem er djúpslökun.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Íþróttufréttamennska*

(1 valeining, utan skóla)

Í valinu kynnst nemendur íþróttufréttamennsku.

Ef þú hefur áhuga á að prófa að skrifa um

íþróttaviðburði, taka myndir af íþróttaleikjum,

lýsa íþróttaleik eða taka viðtöl við íþróttafólk. Þá

er þetta valið fyrir þig!

Valið fer alfarið fram utan skóla, á Teams, á

kvöldin og um helgar. Hópurinn hittist og svo

skrá nemendur sig á leiki og í hlutverk.

Nemendur mæta með kennara á leiki og seinna

án kennara ef þeir treysta sér.

Námsmat: Ástundun og virkni, allir nemendur fá

umsögn frá kennara.

Stutt völ í Akurskóla



Japönsk matargerð*

(1 valeining)

Í þessu vali lærum við ýmislegt um japanska matargerð ásamt því að elda saman nokkra af þekktu réttum Japans.


Námsmat: Ástundun og virkni.

Jákvæð sálfræði

(1 valeining)

Markmiðið er að nemendur fái innsýn í sálfræði, þá sérstaklega jákvæða sálfræði og kynnist mismunandi þáttum hennar og kenningum.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Jóga, slökun og hugleiðsla

(1 valeining)

Jógatímar sem byggja á slökunarjóga og hugleiðslu. Í jógatímum er unnið með jógastöður, jógateygjur, öndun, slökun og hugleiðslu. Jógaástundun stuðlar að jafnvægi og einbeitingu, eflir sköpunarkraftinn og styrkir öll grunnkerfi líkamans.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Stutt völ í Akurskóla




Knattspyrnuval
(1 valeining)

Leikja- og spilform í knattspyrnu með áherslu á ákefð og vinnusemi.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Kosningar í Bandaríkjunum
(1 valeining)

Í þessu vali ætlum við að skoða saman forsetakosningar í Bandaríkjunum árið 2024. Litið verður yfir sögu BNA og sögu kosningakerfis þeirra til þess að skilja samhengi kosninganna nú í ár. Eftir kosningarnar verður litið til framtíðar og skoðað hvað framtíð Bandaríkjanna beri í skauti sér.
Námsmat: Ástundun og virkni.



Kynjafræði/Jafnréttisfræði
(1 valeining)

Nemendur læra m.a. um mótunar- og eðlishyggju, kynjakerfið, feðraveldið, bylgjur femínisma og fleira. Þeir vinna að verkefnum og horfa/búa til myndbönd ásamt ýmsu öðru.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Stutt völ í Akurskóla



Kynning á rafíþróttum
(1 valeining)

Kynning á rafíþróttum. Farið verður í leiki ásamt því að fara í hópefli og tala almennt um í hverju felst í því að tilheyra liði.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Leirmótun*
(1 valeining)

Að nemendur nái færni í mótun leirmuna og öðlist þekkingu á efnum og áhöldum ásamt tæknilegu ferli brennslunnar. Leirmunir og þrívíddarmyndir eru unnar í steinleir og rauðleir. Unnið er frá hugmynda- og skissubóka vinnu til fullmótaðra listmuna. Sögu leirlistarinnar er gerð skil.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Leikskólinn Akur
(1 valeining, utan skóla)

Í samstarfi við Leikskólann Akur býðst nemendum að fara í eina lotu og aðstoða á leikskólanum. Kynnast starfinu og börnunum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Stutt völ í Akurskóla

Mósaík list*

(1 valeining)

Að nemendur kunni til verka og læri að búa til listaverk með mósaík glerbrotum. Nemendur læra aðferð sem gengur út á það að raða litlum glerbútum saman svo úr verði heil mynd. Í bótana eru notaðar mislitar glerflísar (úr gleri, steinum, flísum eða brenndum leir) Brotin eru síðan límd saman í heila mynd. Fúga er borin á yfirborðið og þrýst á milli brotanna og síðan pússað yfir.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Myndlist 1*

(1 valeining)

Að efla áhuga á myndlist og að leyfa nemendum að njóta sín í sköpun. Farið verður í undirstöðuatriði myndlistar; teikningu, litafræði og myndbyggingu. Fjölbreytt verkefni unnin með mismunandi tækni svo sem blýanti, krít, vatns og akrillitum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Myndlist 2*

(1 valeining)

Að efla skilning nemenda á mismunandi tækni í myndlist. Fjarvíddarteiknun, hlutateiknun og uppstillingateiknun gerð skil. Áhersla lögð á formfræði og myndbyggingu og að efla skilning nemenda á fjarvídd. Nemendur vinna með blýanti og tússlitum með grátónaskalann, skyggingar, form og línur.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla

Námsráðgjafaval

(1 valeining, skyldufag í 10. bekk)

Nemendur gera áhugasviðskönnun, ferilskrá, setja sér námstengd, persónuleg markmið og kynna sér störf. Nemendur velta fyrir sér næsta skrefi á sínum námsferli. Mismunandi námsleiðir verða skoðaðar og innritunarferli í framhaldsskóla kynnt.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Origami*

(1 valeining)

Listform eru fjölmörg, origami er eitt þeirra. Origami list skoðuð. Föndrað, búið til fígúrir úr pappír

Námsmat: Ástundun og virkni.

Píla og borðtennis

(1 valeining)

Farið yfir reglur og leiki í pílu. Pílu fimi æfð og farið í pílukeppnir. Nemendur spila svo borðtennis inn á milli.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla

Sagnfræði - heimsstyrjaldir rýndar
(1 valeining)

Farið verður í þrjú tímabil mannkynssögunnar með áherslu á stríð og átök á hverju tímabili. Námsmat: Ástundun og virkni.



Saltvatnsmálun*
(1 valeining)

Nemendur læra að mála með saltvatni og útbúa málverk/listaverk úr saltvatni og lit. Námsmat: Ástundun og virkni.

Skák
(1 valeining)

Farið yfir mannganginn og grunnatriði í skák. Opnanir skoðaðar auk þess tefla nemendur og fara í einföld skákverkefni og þrautir. Valið hentar byrjendum sem og lengra komnum. Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla

Smíði*

(1 valeining)

Langar þig að smíða eitthvað, gera upp gamalt húsgagn eða vinna einhverja hugmynd í afurð?

Þá er þetta tilvalið val fyrir þig.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Spilaval

(1 valeining)

Farið verður yfir nokkur borðspil sem nemendur svo spila saman í litlum eða stórum hópum.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Star Wars

(1 valeining)

Ekkert nema Star Wars, sagan er ekki bara myndirnar. Í þessu vali er farið í lore, þætti og allt sem við kemur Star Wars.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla

Stoð
(1 valeining)

Áður heimanámsval. Ef þig vantar auka aðstoð með eitthvað námsefni þá er þetta tilvalið val fyrir þig. Þú mætir, lærir og færð aðstoð.
Námsmat: Ástundun og virkni.



Stoð í stærðfræði
(1 valeining)

Ef þig vantar auka aðstoð í stærðfræði þá er þetta tilvalið val fyrir þig. Þú mætir, lærir og færð aðstoð.
Námsmat: Ástundun og virkni.

Stuttmynda- og tónlistargerð*
(1 valeining)

Lærum grunn í gerð stuttmynda/sketsa og tónlistar. Einnig lærum við eftirvinnslu stuttmynda, talsetningu og grunn í hljóðvinnslu.
Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla



Tákn með tali - táknmál (1 valeining)

Nemendur fá kynningu á táknmáli. Læra nokkur grunnatriði þannig þau geti t.d. heilsað og sagt nafnið sitt.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Tuskuprjón* (1 valeining)

Nemendur prjóna tusku úr bómullargarni. Hentar vel fyrir byrjendur og lengra komna. Góð slökun og notarlegheit.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Útivera með hundi (1 valeining)

Nemendur sækja hundana sína og fara í göngur í nærumhverfi. Einnig í boði fyrir þá sem vilja fara í göngu án hunda.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Stutt völ í Akurskóla

Vegan eldamennska* (1 valeining)

Í valinu eldum við saman gómsæta vegan rétti og fræðum í leiðinni um hvað við getum gert til að valda minni umhverfisskaða og vera meira meðvituð um það sem við borðum.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Yndislestur (1 valeining)

Tími og staður fyrir nemendur að lesa/hlusta á bækur, rólegt andrúmsloft og kósýheit.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Það heitasta á Pinterest* (1 valeining)

Valið er fjölbreytt og skapandi. Við skoðum hvað það heitasta á Pinterest er og fönndrum og gerum saman ákveðin verkefni tengt því.

Námsmat: Ástundun og virkni.



Stutt völ í Akurskóla



Þrautalausnir (1 valeining)

Þrautalausnir er frábær leið til að virkja heilann og þjálfna til að takast á við margvísleg vandamál. Nýtist vel jafnt í stærðfræði sem og í daglegu lífi.

Námsmat: Ástundun og virkni.

Þýska (1 valeining)

Allt um þýskaland. Bæði tungumál og menning. Farið yfir grunnhugtök og uppbyggingu tungumálsins ásamt því að skoða menningu og sérkenni Þýskalands.

Námsmat: Ástundun og virkni.



VIRÐING